

Skýrsla Flóafársnefndar

Í nefndinni sátu fyrir hönd kennara: Ægir Pétur Ellertsson, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, og Sigursveinn Már Sigurðsson og fyrir hönd nemenda var íþróttaráðið sem í voru Sara Árnadóttir, Hermann Guðmundsson, Hjörtur Leó Guðjónsson, Janus Daði Smárason, Árni Geir Hilmarsson og Kristian Alexander Rodriguez.

Flóafársnefndin kom saman 31. janúar og undirbjó fyrstu skref, gekk frá auglýsingu eftir liðsstjórum og fyrstu boðum til kennara. Umsóknarfrestur var upprunalega til 10. febrúar, en eins og oft áður þurfti að framlengja. Þegar best lét voru liðin 7 en enduðu að lokum í 5. Nemendalistinn miðaðist við nemendur fædda 1991 og yngri, þótt eldri nemendum væri boðið að vera með líka.

Liðstjórar og lið voru eftirfarandi: OFURHETJURNAR (Sara Sif Kristinsdóttir og Gunnlaugur Bjarnason), HARRY POTTER (Markús Árni Vernharðsson og Daniel Kolbeinsson), TEAM ÖNNUR HÆÐ (Patrekur Emil Jónsson og Guðfinna Rós Gunnarsdóttir), ROKKABILLÝ (Dagur Fannar Magnússon og Orri Daðason) og ÚTIHÁTÍÐ (Sindri Snær Bjarnason og Einar Gestsson)

Flóafársnefndin fundaði með íþróttanefnd 1. febrúar um þeirra þátt. Hún gerði úttekt á fánum og gerði ráðstafanir til að nóg væri af þeim. Liðin notuðu engar húfur, nema tískulöggurnar sem fengu húfur til að auðkenna sig. Flóafársnefndin fundaði aftur 6. febrúar og skipulagði verkefni kennara og annarra starfsmanna í Fárinu. Gaf frest til 17. febrúar til aðganga frá þrautalýsingu. 15. febrúar funduðu báðar nefndir með liðsstjóraefnum til að fara yfir nafnalista og gátlista. 20. febrúar fundaði Flóafársnefnd og gekk frá niðurröðun þrauta og kennara á stofur, korti og leiðbeiningum fyrir liðsstjóra. 22. febrúar fundaði svo nefndin með íþróttanefnd og gekk frá endanlegri útgáfu nafnalista. Athuga fyrir næsta ár: eitt liðið virtist hafa skráð hóp nemenda í sitt lið án þeirrar vitundar, svo töluvert var um tvískráningar. Á fundi með liðsstjórum 24. febrúar fengu liðsstjórar sín gögn.

Í ár fengu liðin aðgang að myndlistarstofunni allan fimmtudaginn 1. mars undir stjórn Elisabetar Harðardóttur. Hún nefndi í framhaldinu þann möguleika að nemendur fengu þar aðgang tvo daga fyrir Flóafárið. Keppendur nýttu þennan dag mjög vel og það var ótrúlega gaman að sjá hvað hópurninn var virkur og skapandi. Flóafársnefnd og íþróttanefnd gengu frá stofumerkingum þennan dag.

Fárið sjálf fór af stað upp úr kl 9.30 á föstudeginum 2. mars. Eftir hefðbundna upphitun var allt sett í gang og það var líf og fjör í hlutunum. Leikar fóru svo að Harry Potter sigraði að lokum.

Til úrbóta:

Við vorum mjög á bremsunni gagnvart nemendum um fjárútlát, en þrátt fyrir það komst eitt liði í þrengingar varðandi bolakaup.

Dæmendum skemmtiatriða þurfa að vera ákveðnari í skipulagi á flutningi atriða. Bæði að liðin byrji fljótlega eftir að Fárið hefst, eins og að atriðið séu ekki lengri en c.a. 7 mínútur. Kannski væri ráðlegt að þeir sem fá borðlagningu og skemmtiatriði fái gátlista um hvað þurfi að hafa í huga.

Einn liðsstjórnanna kom með tillögu um að skemmtiatriðin yrðu á sviðinu næst. Enginn í nefndinni man af hverju það hefur ekki verið gert áður en næsta nefnd mætti íhuga það.

Eins og vanalega finnst sumum að ekki nógu margir taki þátt. Við náum aldrei öllum til keppni en það er engin vafi á því að þeir sem tóku þátt voru að þessu af lífi og sál og það finnst okkur mest um vert, og hana nú!

Muna eftir glösum fyrir gosið í pizzuveislunni!